

Ed.

122. Nefndarálit

um frv. til laga um kynbætur nautgripa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Síðasta málslíð fyrri málsgreinar skal orða svo :

Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilapingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

2. Við 3. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi :

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut kyngóð og efnileg til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbúum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbúum ráðstafanir sínar kunnar.

Nú ern einhverjir hreppsbúa svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

3. Við 7. gr.

Fyrir orðin »til kynbótanefndar, á þeim tíma«, komi :

Til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma.

Alþingi, 8. febr. 1928.

Einar Árnason,
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Jónas Kristjánsson.